

Umhverfisráðherra
Hr. Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Umhverfisráðuneytinu
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 5. október 2018

UMSÓKN UM FRAMLENGINGU Á UNÐANÞÁGU FRÁ STARFSLEYFI FYRIR URÐUNARSTAÐ SORPU BS. Í ÁLFSNESI Á KJALARNESI.

Með bréfi þessu vill undirritaður sækja um f.h. SORPU bs. áframhaldandi undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað SORPU bs. í Álfsnesi og er umsóknin í samræmi við 1.mgr. 7.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Forsaga málsins er sú að úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál felldi úr gildi starfsleyfir fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi með úrskurði sínum í máli 107/2014 á þeirri forsendu að dagsetningar lokunar urðunarstaðarins sem tilgreint er í sk. eigendasamkomulagi frá 2013 og aðalskipulagi Reykjavíkur væru ekki samhljóma. Í kjölfarið sótti SORPU bs. um undanþágu frá starfsleyfi til ráðherra með erindi dagsettu 24. febrúar 2017. Undanþága frá starfsleyfi var veitt með bréfi ráðuneytisins dagsettu 27. febrúar 2017 og er tiltekið að undanþágan gildi lengst til 24. október 2018. Í undanþágunni var tiltekið að SORPA skyldi fylgja tæknilegum skilyrðum sem fram eru sett í hinu niðurfellda starfsleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun þann 21. ágúst 2014.

Í upphaflegu starfsleyfi var gert ráð fyrir að hætt yrði að urða í Álfsnesi þann 31. desember 2020 en orðalag í eigendasamkomulagi eigenda SORPU bs. frá 2013 gaf tilefni til mismunandi túlkana. Meðfylgjandi bréfi þessu er yfirlýsing allra eigenda með sameiginlegri túlkun á eigendasamkomulaginu um að það sé ætlun eigenda að urðun verði hætt í Álfsnesi í lok árs 2020.

Sótt var um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þann 7. maí sl. og hefur stofnunin unnið að gerð nýs starfsleyfis frá þeim tíma. Reykjavíkurborg vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem m.a. er tekið á orðalagi um eigendasamkomulag svo fyrirbyggja megi allan misskilning eða mismunandi túlkanir. Yfirlýsing eigenda um túlkun á dagsetningu eigendasamkomulags fylgir með bréfi þessu eins og áður segir.

Í takt við góðærið hefur magn úrgangs sem berst urðunarstaðnum í Álfsnesi aukist verulega. Magnaukning er um 54% frá árinu 2015. Ekki fer allur úrgangur til urðunar sem berst í Álfsnes en augljóslega stærstur hluti. Magn úrgangs ákvarðast af almennum efnahagslegum skilyrðum í samfélaginu – nokkuð sem SORPA bs. hefur engin áhrif á. Reynt hefur verið að bregðast við auknu magn með aukinni endurvinnslu úrgangs þar sem hægt er að koma slíku við.

Til að draga úr því magni sem fer til urðunar hefur verið unnið að undirbúningi byggingar á gas- og jarðgerðarstöð og er sá undirbúningur nú komin á byggingarfasa. Gert er ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð taki til starfa í byrjun árs 2020. Með tilkomu stöðvarinnar mun almennur heimilisúrgangur hverfa úr urðun.

Frá árinu 2009 hefur verið unnið að því með Sorpstöð Suðurlands bs. að finna hentugan urðunarstað fyrir óvirkan úrgang. Sú vinna hefur enn ekki leitt til niðurstöðu en vonir standa til að niðurstaða liggi fyrir innan 3ja mánaða. Úrgangur af suðurlandi og frá Vestmannaeyjum er í dag urðaður í Álfsnesi.

Viðringarfyllst,
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Yfirlýsing eigenda SORPU bs.

Afrit:

Umhverfisstofnun